



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimanar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	18. maí 2021
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Gunnsteinn R. Ómarsson / Ricardo M. Villalobos / Ólafía Magnea Hinriksdóttir
Verkefni/tillaga:	Bætt aðstaða íbúa með nýjum íbúðakjarna í stað íbúðakjarna að Ránargötu 12
Þjónustubáttur:	Húsnæði fyrir fatlað fólk
Stofnun/kostn.st.:	V-
Fjárhæð:	Á ekki við
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Tillagan er sú að samþykkt verði að losna undan leigusamningi og leggja niður íbúðakjarnann Ránargötu 12, húsnæði sem er í eigu Reita fasteignafélags og að fá Félagsbústaði til að fjárfesta í viðeigandi húsnæði í staðinn. Markmið tillögunnar er að bæta aðstöðu fatlaðra íbúa og starfsmanna án þess að auka kostnað.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Hlutverk áfangastaðarins að Ránargötu 12 er að veita fólki með þroskahömlun og skyldar raskanir húsnæði og stuðning til að lifa sjálfstæðu og innihaldsríku lífi. Það er gert ráð fyrir því að íbúar á Ránargötu 12 búi þar í 2 til 3 ár. Markmið búsetunnar er að mæta þörfum íbúa á heildstæðan og einstaklingsmiðaðan hátt, einnig að íbúar öðlist sjálfstæði í ákvarðanatöku og athöfnum daglegs lífs og séu virkir í dagúrræðum, skóla eða atvinnu. Íbúðum er úthlutað að undanegnu faglegu mati á aðstæðum einstaklinga sem til greina koma og hefur kyn engin áhrif á það mat.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir í þjónustuflokki II.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Í dag búa þrjár einstaklingar á Ránargötu 12. Íbúarnir þrjú eiga umsóknir um milliflutning í íbúðakjarna eða húsnæði með stuðning. Húsið hentar ekki vel fyrir þá starfsemi sem í því hefur verið á vegum velferðarsviðs og ástand þess er með þeim hætti að þrjár íbúðir standa auðar. Enginn fyrirséður kostnaðarauki fylgir þessari aðgerð en ætlunin er að nýta það fjármagn sem áætlað er til þessa rekstrar til að halda uppi óskertri þjónustu með því að fá inn nýjar íbúðir svo fljótt sem verða má.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.

